

Áhrif af neyslu eldislax á sermisstyrk klórlífrænna mengunarefna (PCB, DDE og HCB).

Margrét Skúladóttir

Leiðbeinendur: Þórhallur Ingi Halldórsson, Alfons Ramel

Matvæla-og næringarfræðideild

mas88@hi.is

Inngangur: PCB, DDE og HCB eru mengunarefni sem flokkast til þrávirkra lífrænna efnasambanda og er inntaka með fæðu talin vera helsta leiðin sem fólk er útsett fyrir efnunum. Í fiski má helst finna PCB í feitum tegundum s.s. laxi og benda rannsóknir til að stór hluti þess PCB sem greinist í fólk sé tilkominn vegna fiskneyslu. Hversu mikið eða hratt styrkur efnanna hækkar í blóði eftir neyslu slíkra afurða er þó ekki ljóst.

Markmið: Tilgangur rannsóknarinnar var að kanna tengsl milli neyslu á eldislaxi og styrks klórlífrænna mengunarefna (PCB, pp'-DDE og HCB) í sermi.

Aðferðir: Rannsóknin byggir á gögnum sem aflað var í tengslum við íhlutandi rannsókn, SEAFOOD-plus YOUNG. Magn klórlífrænna mengunarefna (PCB, pp'-DDE og HCB) var mælt í sýnum úr 20 einstaklingum úr viðmiðunarahóp (neyttu ekki sjávarfangs) og 20 úr laxahóp (neyttu 150g af laxi þrisvar í viku í 8 vikur) sem tekin voru við upphaf og lok rannsókna.

Niðurstöður: Á tímabili rannsóknarinnar greindist aukning í styrk af sumPCB, HCB og pp'-DDE hjá laxahópnum. Borið saman við viðmiðunarahóp var aukningin meiri hjá laxahóp fyrir öll PCB efnin nema PCB-118 og einnig HCB og pp'-DDE. Fyrir heildar magn PCB var aukningin 18% meiri hjá laxahópnum eða 0.33 ng/ml sermi (CI: -0.43; 1.09). Fyrir HCB var aukningin 29% eða 0.09 ng/ml sermi (CI: -0.03; 0.22).

Ályktun: Niðurstöður benda til að neysla á eldislaxi úr Atlantshafi þrisvar í viku í 8 vikur hafi aukið klórlífrænna mengunarefna í blóði. Hækkunin var þó ekki nægilega mikil til að fá marktækar niðurstöður.